

83. fundur hjá veitustjórn Bláskógaveitu, haldinn í Aratungu þann 7. febrúar 2018, klukkan 16:00.

Mættir eru: Kjartan Lárusson, formaður, Axel Sæland, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Benedikt Skúlason veitustjóri, Valtýr Valtýsson og Bjarni Daníelsson sem ritaði fundargerð.

Efni fundar:

1. Innskráningar á lögnum

Verkefni Eyþórs við skráningu lagna í gagnagrunn.

Eyþór er að hætta störfum 1. maí og stefnir að því að klára skráningu lagna í gagnagrunn í samvinnu við Benedikt veitustjóra úr fyrirliggjandi gögnum.

2. Drög að yfirlýsingu við landeigendur

Lögð fram drög að yfirlýsingu við landeigendur um lagnaleið yfir þeirra landeignir.

Gerð ein smávægileg breyting á drögum á yfirlýsingunni.

3. Samningar vegna vatnsbóls

Lögð fram yfirfarin drög að samningi við eiganda vatnsbóls í Fljótsbotnum.

Engar athugasemdir varðandi fyrirliggjandi drög.

4. Hlutdeild ríkiseigna, stöðumat

Staðan á tillögu Ágústs hjá Kpmg um afgang fyrir hlutdeild Ríkiseigna í hvernum á Laugarvatni.

Fyrir átti að liggja niðurstaða fundar Ágústar og Ríkiseigna en sá fundur frestaðist. Málinu frestað til næsta fundar.

5. Álestrarleið til framtíðar

Álestrarleið til framtíðar, Hannibal var með kynningu á fjarálestrarkerfi Flúðaveitna.

Hannibal kom á fund og fór yfir 15 ára reynslu Flúðaveitna af fjarálestrarleiðinni. Ákveðið er að boða fulltrúa Frumherja, sem Flúðaveitur leigja sinn búnað af, á kynningafund.

6. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir.

Ekki fleira tekið fyrir á fundinum. Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:23